

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Torfur.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 21. nóvember 2019 deiliskipulag fyrir svínabú í landi Torfa skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er 15,0 ha spilda sunnan Finnastaðaár sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagstillagan tekur til byggingar tveggja gripahúsa samtals u.þ.b. 5.700 m² að stærð auk tilheyrandi fódursílóa, hauggeymslu og starfsmannahúss. Ráðgert er að á hverjum tíma verði fjöldi grísa í eldi 2.400 og fjöldi gylta 400. Framkvæmdin fellur undir lið 1.10 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og liggur fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 12. mars 2019 um að framkvæmdin skuli ekki undirgangast umhverfismat.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 25. nóvember 2019.

Vígús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2019